

Nd.

20. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á hafnarstað fyrir smáskip og vjelbáta á svæðinu frá Berufirði til Skinneyjarhöfða.

Frá sjávarútvegsnefnd neðri deildar.

Alþingi ályktar, í framhaldi af þingsályktun 1915 um rannsókn hafn-

arstaða og lendinga, að skora á landsstjórnina að láta, svo fljótt sem unt er, hafnaverkfræðing rannsaka skilyrði fyrir byggingu öruggrar hafnar fyrir smáskip og vjelbáta á svæðinu milli Berufjarðar og Skinneyjarhöfða, að báðum þeim stöðum meðtöldum, og útvega kostnaðaráætlun um hafnarbyggingu eða hafnarbætur, ef tiltækilegt virtist að koma þeim á.